

SVEITAPÓSTURINN



MS fréttir til bænda 10. tbl. 3. árg. október 2007

Leiðari forstjóra

Skipulag framleiðslu

Þann 27. september síðastliðinn var haldinn fulltrúaráðsfundur hjá Auðhumlu þar sem kynntar voru tillögur um skipulag framleiðslu á vegum Mjólkursamsölnunnar. Tillögur þessar voru margvíslegar en sú þeirra sem náði athygli fjölmiðla og nokkuð var fjallað um var tillaga þess efnis að loka mjólkurbúinu á Egilsstöðum.

Tillögur þessar voru settar fram með það í huga að lækka kostnað og einfalda framleiðslu á vegum félagsins. Markmið okkar með stofnun Mjólkursamsölnunnar var jú að lækka framleiðslukostnað en við teljum að það sé einkum hægt á þremur sviðum.

Í fyrsta lagi getum við hagrætt á sviði skrifstofu, yfirstjórnar og markaðsmála. Það er mat okkar að nú þegar séum við búin að ná fram hagræðingu á þessu sviði sem svarar til 250 milljóna króna á ársgrundvelli.

Í öðru lagi getum við hagrætt í vinnslunni og er gert ráð fyrir að þau verkefni sem tillaga var gerð um geti sparað okkur um 200 milljónir króna á ársgrundvelli og er þá ótalin sparnaður vegna fyrirhugaðs flutnings á mjólkurpökkun frá Reykjavík til Selfoss.

Í þriðja lagi er svo um að ræða hagræðingu sem hlýst af því að sameina dreifingu sem áður var á hendi MS, Osta- og smjöröslunnar og Norðurmjólkur. Áætlað er að sá sparnaður gæti orðið um 100 milljónir króna á ári.

Þeim sparnaði sem við teljum að sé mögulegur á framleiðslusviðinu og í dreifingunni ætlum við okkur að ná fram á næstu tveimur árum eða svo.

Í hnotskurn eru tillögurnar varðandi breytingar á framleiðslu eftirfarandi:

Egilsstaðir: Hér er gert ráð fyrir að mjólkurvinnsla muni einskorðast við framleiðslu á Mozzarella osti. Að öðru leyti verður reynt að hagræða eins og kostur er og stefnt er að því að leigja hluta af húsnæðinu undir aðra starfsemi.

Blönduós: Hér verður megináhersla lögð á framleiðslu valsápurkaðs mjólkurdufts en framleiðsla á því hefur verið að aukast undanfarið. Að öðru leyti verður hagrætt í búinu eins og kostur er og stefnt að því að önnur framleiðsla færist til annarra mjólkurbúa eftir því sem hentugt þykir.

Búðardalur: Hér er lagt til að fastostagerð verði lögð niður enda eru þau framleiðslutæki orðin lúin og þreytt. Á móti kemur að öll desertostagerð á landinu verður sameinuð í Búðardal.

Sauðárkrúkur: Lagt er til að fernupökkun mjólkur og ávaxtasúrmjólkur verði hætt og að sú vinnsla flytjist til Akureyrar.

Akureyri: Verulegar breytingar verða á rekstri samlagsins á Akureyri. Í framtíðinni verður Akureyri miðstöð mjólkurpökkunar fyrir Austur- og Norðurland. Í tengslum við það hlutverk verður fljótlega skipt út þremur gömlum pökkunarvélum og í staðinn tekin inn öflug Tetra Rex. Þá er gerð tillaga um að núverandi mjólkurmóttöku verði breytt og hún nýttist eftir það sem geymslur og vinnslusalir.

Reykjavík: Gert er ráð fyrir að ostapökkun og sneiðing verði færð yfir á Bitruháls 1 og stefnt að því að selja Osta- og smjörösluhúsið. Í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða á framleiðslunni þykir eðlilegt að við förum yfir forsendur þær sem við lögðum til grundvallar og verður það gert núna í október og nóvember.

Selfoss: Vinnsluskipulag á Selfossi verður endurskoðað frá grunni á næstu mánuðum með það fyrir augum að nýta sem best það húsnæði sem þar er til staðar. Nokkur breyting verður á Selfossi með flutningi desertostagerðar til Búðardals og mikilvægt að það húsnæði sem losnar verði nýtt sem allra best. Tengist sú skoðun fyrirhuguðum flutningi á mjólkurpökkun til Selfoss.

Eins og þessi verkefni bera með sér verður mikið að gera hjá mjólkurbúunum okkar næstu tvö ár. Mikilvægt er að allir starfsmenn félagsins fari í þessi verkefni með opnum hug enda er markmiðið að styrkja félagið til framtíðar. Til viðbótar þessum verkefnum er verið að skoða fjöldann allan af ýmsum öðrum smærri verkefnum á framleiðslusviðinu þar sem við sjáum tækifæri til að spara og hagræða. Sammerkt öllum þessum verkefnum er að gerð er krafa um mjög hraðan endurgreiðslutíma.

Með bestu kveðju



AUÐHUMLA

**Fulltrúaráðsfundur
Auðhumlu –
23. nóvember 2007**

Hefðbundinn haustfundur fulltrúaráðs Auðhumlu verður haldinn þann 23. nóvember næstkomandi að Hótel Loftleiðum og hefst hann kl. 10:30. Meginefni fundarins að þessu sinni verður stefnumótun fyrir Auðhumlu. Skipulag fundarins verður svipað og síðasti haustfundur þ.e. fundinum verður skipt í vinnuhópa sem munu ræða og skila niðurstöðum varðandi stefnumótun félagsins til fundarins í heild sinni.

Útgefandi MS



Ábyrgðarmaður:
Guðbrandur Sigurðsson

Ritstjóri:
Páll Svavarsson, palls@ms.is

Ekki er leyfilegt að vitna í Sveitapóst MS á opnum vettvangi.

Upplýsingar um rekstur félagsins og önnur skyld efni má nálgast hjá forstjóra þess, Guðbrandi Sigurðssyni, í síma 569 2200.

MS Búðardal

Þann 10. og 11. október síðastliðinn fóru Sævar Hjaltason, mjólkurbússtjóri og Ólafur Jóhannsson frá MS Búðardal í heimsókn til mjólkurframleiðenda MS á Barðaströnd og Rauðasandi. Var þeim vel tekið. Ýmis mál voru rædd svo sem heyskapur, veðurfar, kvótamál, umfram mjólk og svo annað sem mönnum var efst í huga. Þessar heimsóknir eru liður í störfum Sævars sem tók við MS Búðardal 1. janúar sl.



Horft niður á Rauðasand.

Á svæðinu eru 11 innleggjendánúmer með um 900 þús. ltr. framleiðslurétt. Mikil hugur er í mjólkurframleiðendum á svæðinu og töluvert um framkvæmdir, bæði nýbyggingar, breytingar á aðstöðu og verið er að setja upp mjaltþjón.

Sævar og Ólafur heimsóttu einnig helstu verslanir á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði.

Þeir félagar eru þakklátir fyrir þær góðu móttökur sem heimamenn veittu þeim af sinni alkinu gestrisni.



Hagi á Barðaströnd til hægri og Breiðalækur til vinstri.

MS Selfossi

Þann 15. október sl. var fækkað um einn mjólkursöfnunarbíl í föstum ferðum hjá MS Selfossi. Í dag hefur flutningadeild MS Selfossi yfir að ráða 9 mjólkursöfnunarbílum sem flestir eru með 14.500 ltr. tank, 9 aftanivagnar eru til reiðu og er stærðin á þeim frá 4.000 ltr. til 13.500 ltr. Tveir af vögunum taka 4.000 ltr. og eru þeir mælalausir og því mjög hagstæðir í notkun.



Að meðaltali eru bílarnir að aka í kringum 60.000 km á ári. Tveir bílanna skera sig úr, en það er bíllinn sem sækir mjólk á Hornafjarðarsvæðið, honum var ekið 129.846 km á árinu 2006 og bíllinn sem safnar mjólk á Klaustursvæðinu en honum var ekið á sl. ári 96.963 km.

Fastar ferðir eru 7 og er stillt upp með eftirfarandi hætti:

Bíll nr. 1 Vestur-Skaftafellssýsla að Klaustri

Bíll nr. 2 Eyjafjöll að Seljalandi og Austur-Landeyjar

Bíll nr. 3 Holta- og Landssveit, Biskupstungur og Laugardalur

Bíll nr. 5 Merkurbær, Fljótshlíð, Hvolhreppur og Rangárvellir ásamt Vestur-Landeyjum

Bíll nr. 6 Hrunamannahreppur og Gnúpverjahreppur

Bíll nr. 7 Skeiða- og Hraungerðishreppur ásamt Villingaholts-, Gaulverja- og Flóahrepp

Bíll nr. 9 Fyrir austan Klaustur og Höfn í Hornafirði, Ölfus og Sandvíkurhreppur

Búið er að panta 2 nýja mjólkursöfnunarbíla og er fyrri bíllinn væntanlegur til landsins í byrjun desember en seinni bíllinn kemur í lok feb. 2008 og þá með nýjan 14.500 ltr. tank frá VM Tarm í Danmörku. Fyrri bíllinn verður fluttur inn á grind og verður settur á hann tankur af eldri bíl en sá tankur er einnig 14.500 ltr.

Þessi vinna verður framkvæmd af starfsmönnum tæknideildar MS Selfossi.

Um áramót kemur nýr dráttarbíl en þessi bíll flytur vörur og mjólk til Reykjavíkur.

Hann mun leysa af hólmi bíl frá 1991 en sá bíll er ekinn 611.000 km.

Í áratugi hefur verið haldið nákvæmt bókhald utan um hvern bíl fyrir sig.

Allur kostnaður sem fellur til á viðkomandi bíl er skráður, og einnig er fylgst nákvæmlega með olíueyðslu og öllu viðhaldi.

Olíueyðsla og þungaskattur vega þungt í flutningunum og því er mikilvægt að rétt stærð af bíl sé notuð á hverri leið fyrir sig, sem dæmi má nefna að bíllinn sem fer á Hornafjörð kostar 4,49 kr/km á meðan að stærri og þyngrri bíll kostar 9,29 kr/km.

Fulllestaður getur mjólkurbíll með aftanivagn vegið 44.000 kg og er þá með innanborðs 28.000 ltr af mjólk.

MS rekur í dag þriðja stærsta flutningafyrirtæki landsins og má segja að flutningastarfsemin sé stór þáttur í starfsemi MS.

Söluaukning á mjólk úr kælivélum

Mikið söluátak og stóraukin innleiðing á 10 lítra kælivélum MS undanfarin ár í leikskólum, grunnskólum og mótuneytum skilar sér í söluaukningu. Átta mánaða sala í ár miðað við 2006 fer úr 847 þúsund lítrum í 1.050 þúsund lítra sem er 24 % aukning. Aðgengi að ískaldri mjólk er lykillinn að neysluaukningu hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna.

MS Akureyri

Nýverið tók MS Akureyri fyrst íslenskra mjólkursamlaga, í notkun nýjan tækjabúnað til að vinna prótein úr mysu. Þessi tækni er nýtilkomin á meginlandi Evrópu en mysupróteinið er mjög eftirsótt, sérstaklega í framleiðslu á ýmis konar heilsuvörum. Þetta skapar aukin verðmæti, getur stuðlað að bættum gæðum og er til marks um stöðuga framþróun hjá MS Akureyri.

MS á Akureyri tók nýlega í notkun síunar- og meðhöndlunarbúnað fyrir mysu. Mýsa hefur í langan tíma verið talin úrgangsvara, sem hefur að mestu farið í fráveitur samlaganna, fyrir utan það litla magn sem hefur verið notað til framleiðslu mysuosta. Nokkur hluti hefur farið til skepnufóðurs. Þannig hafa t.d. af þeim rúmum 20 milljónum lítra sem falla til árlega hefur stór hluti farið til spillis. Ekki hefur það þótt tiltökumál þar sem mysan hefur verið skilgreind sem afgangsafurð og nánast ónýtanleg kostnaðarlega séð.

Í ostagerð nýtast einungis um 74% af próteinum mjólkurinnar í ostinn en hin 26% fara þá með mysunni. Mikill áhugi er því fyrir því að nýta megi þau til vöruframleiðslu. Tækninni fleygir fram og þá er að nýta möguleikana sem ný tækni gefur.

Nýju tækin bjóða í fyrsta lagi uppá síun á mysupróteinum úr mysunni og vinna þau í sérstakt próteinþykkni (WPC). Í öðru lagi meðhöndlun próteinþykkisins í "Lean-Creme" og í þriðja lagi þykkingu á þeirri afgangsafurð (permaet) og má þá vinna með þá auknu mysu sem til fellur frá ört vaxandi skýrgerð.

Með þessari aðferð er verið að hreinsa alla þá mysu sem til fellur hjá fyrirtækinu.

Þarna er unnið að því að minnka mengunarbátt fyrirtækisins um allt að 90%. Jafnframt nýta hráefni sem annars mundi valda mengun í fráveitu og gera úr því verðmæti.

Mysuprótein hefur ýmsa eiginleika sem eru eftirsóttir til drykkjar- og matvælagarðar, er auðmeltanlegt og hollt. Unnið er að vöruþróun sem væntalega mun skila árangri á næstunni.



Breytt fyrirkomulag á sýnatöku til rannsókna á hrámjólk vegna aðskotaefna

Hér á landi hafa flest mjólkurbúanna útflutningsleyfi. Til þess þarf Ísland að fylgja reglum sambandsins hvað varðar sýnatökur og rannsóknir vegna aðskotaefna þ.e. lyfjaleifa og spilliefna. Lágmarksfjöldi sýna er 300.



Sýnataka af mjólk frá mjólkurframleiðendum og aðskotaefnamælingar eru skilyrði varðandi útflutningsleyfi mjólkurbúa MS á Evrópusambandsmarkað. Fram til þessa hafa sýnin verið tekin af heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna úr safnmjólk, en sú aðferð er ekki lengur viðurkennd.

Starfsmenn Landbúnaðarstofnunar munu taka sýnin sjálfir úr mjólkurtönkum heim á bæjum milliðalaust, það er krafa Evrópusambandsins.

Mjólkursamlögin hafa borið kostnað af töku og rannsókn sýnanna.

Mjólkurframleiðendur MS eru bednir að liðsinna MS við þetta verkefni og greiða götu starfsmanna Landbúnaðarstofnunar sem í sumum tilfellum nýta sér það að sitja í hjá mjólkurbílstjórum og taka sýni um leið og mjólk er innvegin úr mjólkurtanki.

Útflutningsmálin

Útflutningur mjólkurafurða hefur gengið vel undanfarna tvo mánuði en tollfrjáls kvóti inn á Evrópu tók gildi í júlí síðastliðnum. Meðfylgjandi tafla sýnir útflutning okkar eftir mánuðum fyrstu níu mánuði ársins 2007.

	Smjör kg	Skýr kg	Höfðingi kg	Dímon kg	Undanrennuft
Janúar	25.000	6.165	207	280	
Febrúar	50.000	5.344	144	190	
Mars	88.584	21.129	252	310	
Apríl	0	15.722	108	120	
Maí	0	11.688	81	120	
Júní	51.443	9.665	108	160	
Júlí	0	12.254	72	110	
Ágúst	193.000	10.809	99	120	
September	137.175	10.476	180	240	150.000
Samtals	545.202	103.252	1.251	1.650	150.000

Eins og taflan ber með sér þá erum við búin að flytja út 800 tonn af mjólkurafurðum á þessu ári. Að vanda er mest flutt út af smjöri, þá seldum við 150 tonn af undanrennufti í september þegar verðið fór hvað hæst og búin er að afsetja ríflega 100 tonn af skýri, mest til Bandaríkjanna.

Verðlagning á umframmjólk

Margir velta fyrir sér verðlagningu á umframmjólkinni sem er í augnablikinu 27 kr per líter. Eins og komið hefur fram er þetta lágmarksverð fyrir verðlagsárið 2007 til 2008 og ef vel gengur gæti það komið til með að hækka. Verð þetta var einfaldlega fundið út frá því verði sem hægt var að fá fyrir undanrennuft og smjör í júlí síðastliðnum og tekið mið af því gengi sem þá var. Frá útflutningsverðinu er svo einfaldlega dreginn breytilegur vinnslukostnaður og þannig fæst þessi verðlagning upp á 27 kr per líter. Ekki er bætt við neinum föstum kostnaði eða kostnaði vegna yfirstjórnar eða öðru þess háttar.

Ný pökkunarvél hjá MS Reykjavík

Nýlega var keypt og sett upp 10 lítra pökkunarvél, sem leysir aðra gamla af hólmi. Vélin er sjálfvirk og við hana verður tengdur kassastaflari sem undirbýr kassana fyrir pökkun. Vélin er mun afkastameiri en sú gamla og getur pakkað 3.600 lítrum á klukkustund og gefur meiri möguleika í vinnslunni að sögn Jóns Guðmundssonar vinnslustjóra sem stendur hér við vélbúnaðinn.



Gott að muna:

Ef kæliferillinn rofnar í mjólkurtanknum, ekki senda mjólkina, hafið samband við fulltrúa samlagsins. Þá er hægt að fara yfir málið og leysa það í sameiningu. Ekki taka óþarfa áhættu.

Sala á mjólkurvörum og ostum í september



Sala á ferskum mjólkurvörum var minni í september í ár miðað við september í fyrra. Sala á ostum og viðbiti var aftur á móti meiri í september í ár heldur en í september í fyrra. Þess ber að geta að í september í ár eru 20 sölundagur en voru 21 sölundagar í september í fyrra og munar þar um föstudag sem er stór sölundagur í ferskvöru.

Sala á viðbiti jókst um 6,2% eða 6,7 tonn m.v. sama mánuð í fyrra. Sala á ostum jókst um tæp 9,2% eða 31,9 tonn. Sala á ostatertum jókst um 18% eða um 0,8 tonn í september. Heildarsala í september af ostum og viðbiti jókst um 7,23% eða 36,5 tonn. Fyrir tímabilið janúar – september hefur heildarsala í ostum og viðbiti aukist um 6,1% eða 293 tonn.

Heildarsala í september á ferskum mjólkurvörum dróst saman um 7,7% eða 344 þús. ltr. Fyrir tímabilið janúar – september hefur heildarsala í ferskum mjólkurvörum vaxið um 273 þús. ltr. eða 0,7%.

Yfirlit mælinga hjá MS í september 2007

Tímabil	Fita	Prót	Kas.	Ffs.	Úre.	Fmk.	Líftala	Frumut.	Frumut.	Fjöldi
V/MM/ÁÁ-V/MM/ÁÁ							MFM	MFM	MFM	
1/09/07-4/09/07	4,09	3,45	2,69	0,70	7,10	-0.542	18	281	261	2.834

Líftala í þúsundum hjá MS í september 2007

% sýna í hverjum flokki miðað við líftölu

0-40	0-75	0-400	401-600	601-3000	yfir 3000
87,86	96,33	99,54	0,11	0,25	0,10

Innvigtun og nýting greiðslumarks á verðlagsárinu 2007-2008

Landið september-sept:	2007-2008	2006-2007	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	8.637.484	8.778.056	-140.572	-1,60%
Greiðslumark	117.000.000	116.000.000	1.000.000	0,86%
Nýting greiðslumarks	7,38%	7,57%		

Landið janúar-sept:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
Samtals:	95.432.675	89.010.626	6.422.049	7,21%

Vikuinnlegg síðustu 5 vikurnar:

Landið síðustu 5 vikur:	2007	2006	Mismunur	Hlutfall
36	2.227.130	2.129.098	98.032	4,60%
37	2.191.102	2.099.945	91.157	4,34%
38	2.189.705	2.095.432	94.273	4,50%
39	2.175.672	2.103.259	72.413	3,44%
40	2.182.150	2.090.666	91.484	4,38%
Samtals:	10.965.759	10.518.400	447.359	4,25%

Munið fulltrúaráðsfundinn 23. nóvember nk.